

Örnefni

Örnefni verða til með tvennum hætti, annars vegar myndast þau af einkennum eða fyrirbrigðum í landslagi þ.e.a.s. náttúrunöfn og hins vegar eru það nöfn af ýmsum athöfnum og atburðum er þeim tengjast. Örnefni geta haft mikil heimildagildi þar sem þau bera oft vitni um viðhorf fyrri alda manna sem og málsögulegt gildi. Þjóðsögur eru oft tengdar örnefnum (Jón Þ. Þór, 1994, bls. 15).